

Mál nr 11/2015

Ár 2016, þriðjudaginn 26. apríl, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík

Fyrir var tekið mál nr.11/2015

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 22. júní 2015 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (Y) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tíkina ZZ við rakkann WW án þess að tíkin væri með gilt hjartavottorð við pörun. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 25. júní 2015 og henni gefinn frestur 24. júlí til að skila inn andmælum. Svar dagsett 14. júlí barst og var afrit af því sent kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Frekari gögn sem siðanefnd óskaði eftir að kærða legði fram sbr. bréf dags 22. febrúar 2016 hafa ekki borist og hefur siðanefnd því ákveðið að taka málið til úrskurðar byggt á fyrirliggjandi gögnum.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði ódagsettu var tíkin ZZ pöruð við rakkann WW hinn 1. desember 2014 án þess að tíkin væri með gilt hjartavottorð. Hundarnir eru af hundakyninu Cavalier King Charles Spaniel og er tíkin í eigu kærðu. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærða svaraði því til að hún hefði farið með tíkina til Unnar Ingvarsdóttur dýralæknis, sem hefði fullvissað hana um að hún hefði heimild til gefa út hjartavottorð. Kærða hefði því talið að öllum heilsufarskröfum væri fullnægt. Farið hefur nú verið með tíkina aftur í skoðun til fagdýralæknis og er hún nú með fullgilt hjartavottorð.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Cavalier King Charles Spaniel:

„Vottorð undaneldishunda yngri en 5 ára má ekki vera eldra en 6 mánaða við pörun og skulu þeir vera án hjartamurrs. Vottorð eftir að 5 ára aldri er náð gildir í eitt ár. Hunda sem hafa hreint hjartavottorð tekið eftir 6 ára aldur, má nota áfram þó þeir greinist með murr síðar. Vottorð tekið eftir 7 ára aldur undaneldishunda gildir ævilangt. Afkvæmi hunda sem greinast með murr fyrir 4ra ára aldur fara í ræktunarbann. Til að vottorð sé gilt þarf að nota eyðublöð frá HRFÍ. Hjartavottorð þarf að fylgja

ættbókarskráningu og niðurstaða kunn fyrir pörun. Einungis eru tekin gild vottorð fagdýralækna sem hlotið hafa þjálfun í að greina hjartamurr hjá hjartasérfræðingi. (Gildir frá 1.6.2015)

Niðurstaða DNA prófa vegna Episodic Falling og Curly Coat skal vera ljós fyrir pörun. Arfbera má para með fríum einstaklingi. Hundar sem hafa (affected) EF eða CC fara í ræktunarbann. Ef báðir foreldrar undaneldishunda eru frír þarf ekki að DNA prófa afkvæmi þeirra. Sýnataka þarf að fara fram hjá dýralækni eða stjórn deildarinnar sem einnig sjá um að póstsenda sýnin. (Gildir frá 01.11.2011)”

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörunin átti sér stað var tíkin ekki með gilt hjartavottorð frá fagdýralækni og er það miður að kærðu skuli hafa verið talin trú um hið gagnstæða. Hjartavottorðið er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins og mikilvægt að það liggja fyrir við pörun til þess að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér arfgengan sjúkdóm.

Kærða hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins þá er það mat siðanefndar að veita skuli áminningu.

IV. Niðurstaða

Kærða X telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ

Kærða er áminnt

f.h. siðanefndar

Anna María Flygenring

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

Kristín Sveinbjarnardóttir